

Pegasus ehf  
Sóltúni 24  
105 Reykjavík  
einar@pegasus.is

Reykjavík 3. maí 2018  
UST201803-431/G.G.  
09.08.02

### **Efni: Akstur utan vega – Dyrhólafljara - kvikmyndataka**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus kvikmyndagerðar, dagsett 27. mars 2018, um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega sem tengist kvikmyndagerðinni, í Dyrhólafljör, fjöru vestan við Dyrhólaey, dagana 7. – 23. maí 2018. Dyrhólafljara er ekki á náttúruminjasrá.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### **Lýsing framkvæmdar:**

Kvikmyndatakan er ekki leyfisskyld á viðkomandi svæði en sótt er um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku við vesturvegg Dyrhólaeyjar. Flytja þarf fólk og tæki á tókustað og leggja bílum og setja upp aðstöðutjald. Gert er ráð fyrir að tókur taki einn dag, 100 manns koma að verkefninu og 20 bílar. Ekið yrði út fyrir slóða um það bil 100 metra, til að leggja bílum og setja upp tjaldið.

#### **Áhrifamat:**

Fyrirhugaður akstur í Dyrhólafljör er áætlaður í grennd við tvær vistgerðir (skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands), þ.e. um strandmelhólavist og brimasamar sandfjörur. Verndargildi vistgerðanna er metið lágt, en strandmelhólavist er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar. Mynd af akstursleiðinni sem fylgir umsókninni sýnir að aka eigi yfir gróður í fjörunni og er nauðsynlegt að afmarka leiðina betur þannig að hún fari ekki yfir gróður. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að eknar séu eins fáar ferðir og mögulegt er og að skipulag sé sett fram um það og sent til Umhverfisstofnunar áður en kvikmyndatakan fer fram.

#### **Skilyrði**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega í Dyrhólafljör að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal landverði Umhverfisstofnunar á Suðurlandi hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, umfram þann er leyfi þetta nær til, er óheimill.
- Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi skal það tryggt að það valdi ekki gróðurskemmdum og raski ekki gróðurhólmum í fjörunni. Afmarka þarf akstursleiðina vel þannig að hún fari ekki yfir gróður.
- Aka skal eins fáar ferðir í fjörunni og mögulegt er til að álag verði sem minnst. Skipulag þar um skal sent Umhverfisstofnun áður en kvikmyndatökan fer fram.
- Akstur í fjörum skal fara fram sem næst flæðarmáli til verndar þeim vistgerðum sem eru á svæðinu og til að ummerki eftir aksturinn afmáist sem fyrst.
- Umhverfisstofnun skal sendur gps ferill akstursins að verkefni loknu, sbr. 5. mgr 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Óheimilt er að fljúga dróna eða aka nær Dyrhólaey en 200 metra í fjörunni.
- Settar verði upp merkingar á tókustöðum og/eða starfsmaður verkefnisins verði til staðar og upplýsi gesti vegna kvikmyndatökunnar. Sérstaklega skal taka fram að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatöku og akstri utan vega.
- Sjáist í myndinni að bíl sé ekið utan vega skal þess getið í texta að slíkt sé óleyfilegt á Íslandi og að um undantekningu sé að ræða sem leyfi hafi fengist fyrir hjá Umhverfisstofnun.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg og vatn.
- Takamarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifunar annarra gesta á svæðinu. Bent er á að fæstir ferðamenn eru snemma morguns eða að kvöldi til á ferðinni og þeir tímar því oft hentugir til kvikmyndatöku.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski fjarlægja öll ummerki um athafnir að tókum loknum. Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðin og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt. Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðunum að því loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

**Umhverfisstofnun bendir á að leyfi eins og hér er veitt geta virkað hvetjandi á aðra sem heimsækja fjöruna til að aka utan vega. Tökustaðurinn er fjölsóttur. Mjög mikilvægt er að það komi skýrt fram að svæðið sé lokað fyrir annarri umferð, aðeins sé verið að leyfa akstur um fjöruna af sértökum ástæðum.**


### ***Leyfisgjald***

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gerð verður grein fyrir kostnaði við afgreiðslu leyfa, vegna verkefnisins Kunlun, í sérstöku bréfi.

***Eftirlit***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Hákon Ásgeirsson  
teymisstjóri